

Stjórnarfundur foreldrafélagsins á Norðurbergi miðvikudaginn 9/11 2016.

Mættir:

Þórdís Friðbergsdóttir, fulltrúi fyrir Lund
Siggeir Þór Siggeirsson, fulltrúi fyrir Lund
Aðalheiður Gígja Isaksen, fulltrúi fyrir Tröllagil
Ástríður Þórey Jónsdóttir, fulltrúi fyrir Lund
Sandra Sif Einarsdóttir, fulltrúi fyrir Álfastein
Kristín Dögg Kristinsdóttir, fulltrúi fyrir Tröllagil
Birgir Björn Sævarsson, fulltrúi fyrir Birkiból
Guðjón Karl Traustason, fulltrúi fyrir Klettaborg
Anna Borg Harðardóttir leikskólastjóri, fulltrúi frá leikskólanum

- Útgáfa á Snemmtækri íhlutun í málörvun leikskólabarna
 - Anna Borg sagði frá því að hún hafi verið á fundi í dag varðandi útgáfu á þessu efni, mjög spennandi. Það færi að stytast í útgáfuna. Því yrði fagnað með útgáfuteiti með fólki tengdu leikskólamálum í Hafnarfirði sem og stjórn foreldrafélagsins.
- Raða niður í stjórn foreldrafélags/sendi Heimili og skóla upplýsingar
 - **Ný stjórn er skipuð eftirfarandi:**
 - Formaður: Þórdís Friðbergsdóttir, fulltrúi fyrir Lund
 - Gjaldkeri: Siggeir Þór Siggeirsson, fulltrúi fyrir Lund
 - Ritari: Aðalheiður Gígja Isaksen, fulltrúi fyrir Tröllagil
 - **Meðstjórnendur:**
 - Ástríður Þórey Jónsdóttir, fulltrúi fyrir Lund
 - Sandra Sif Einarsdóttir, fulltrúi fyrir Álfastein
 - Kristín Dögg Kristinsdóttir, fulltrúi fyrir Tröllagil
 - Birgir Björn Sævarsson, fulltrúi fyrir Birkiból
 - Guðjón Karl Traustason, fulltrúi fyrir Klettaborg

Stjórnarmönnum bent á að Heimili og skóli fá upplýsingar um stjórnarmenn. Heimili og skóli boða til funda sem mjög gagnlegt getur verið að sækja.

- Skipa í þriggja manna foreldraráð til þess að lesa yfir starfsáætlun, skólanámskrá leikskólans og annað er varðar innra starfið.
 - **Eftirfarandi voru kosnir í foreldraráð:**
 - Thelma Hafþórsdóttir Byrd
 - Sandra Sif Einarsdóttir
 - Kristín Dögg Kristinsdóttir
- Einhverjar athugasemdir við skóladagatalið?
 - Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerð

- Jólaleikritið. Það verður sýnt 5. desember. Þönnukakan hennar Grýlu.
 - Bernd Ogrodnik kemur með brúðusýningu. Sýndar verða tvær sýningar. Börnunum skipt í tvo hópa eftir aldri.
- Búið að panta sveitaferð, farið að þessu sinni í Hvalfjörðinn, Bjarneyjarsand. Farið verður þann 2. júní og það er búið að panta rútur fyrir mannaskapinn.
 - Bent á að þetta ferðalag er aðeins lengra en áður (að Grjóteyri). Spennandi að fara á nýjan stað.
- Tökum inn börn að nýju 1. janúar 2017
 - Það skapast órói á yngri deildum þegar ný börn koma í aðlögun. Leikskólastjórar í Hafnarfirði eru ekki sáttir við þetta fyrirkomulag en fara eftir því sem fyrir þá er lagt.
 - Almennt er fækkun á börnum, á leikskólaaldri, í bænum. Með hliðsjón af því gera áætlanir Hafnarfjarðarbæjar ráð fyrir því að árið 2018 muni 12 mánaða börn fá pláss á leikskólum.
- Önnur mál:
- Anna Borg ræddi aðeins aðkomu sína að stjórninni og fór yfir það að ef upp komi viðkvæm mál sem varða leikskólann, muni hún víkja af fundi eða ekki mæta á boðaðan fund þar sem slík mál væru rædd.
- Aðventustund foreldrafélagsins verður 26.nóvember (fyrsta helgi í aðventu).
 - Anna Borg verður ekki á staðnum en sendir staðgengil í sinn stað
 - Stjórnin mæti kl:09:30 til að undirbúa
 - Húsið verði opið frá kl:10-11:30
 - Notalega stund þar sem börnin mæta með foreldrum/ömmu og afa og stystkinum og skreyta mandarínur með negulnöglum og borðum.
 - Spilum jólalög og bjóðum upp á kaffi, saft og piparkökur
 - Foreldrafélagið kaupir: Piparkökur, kaffi, saft og appelsínubykkni
 - Eldhús pantar: Mandarínur og negulnagla
 - Anna Borg ætlar að athuga með lagerstöðu á borðum
 - Anna Borg mun svo hafa samband við einhvern úr stjórninni til að fara í búð og kaupa inn.
- Kom fram tillaga um að stofna Facebook síðu fyrir foreldrafélagið á Norðubergi. Það var vel tekið í þessa hugmynd.
 - Þetta væri þá vettvangur fyrir foreldra til að tala saman og koma upplýsingum á framfæri.
 - Þetta er samt vandmeðfarið. Setja þarf reglur um hvað ætti heima á síðunni. Þetta á ekki að vera tuðhorn fyrir foreldra. Þó svo að auðvitað megi koma með

Fundargerð

gagnlegar athugasemdir og fyrirspurnir. Sem væri þá hægt að beina í réttan farveg.

- Passa yrði upp á að bara foreldrar barna á leikskólanum fengju aðgang að síðunni. Anna Borg veitir aðgang að lista með nöfnum foreldra barna á leikskólanum.
- Þórdís ætlar að vera umsjónarmaður síðunnar sem á að heita Foreldrafélag Norðubergs (eða eitthvað þvítíkt).
- Sandra tók að sér að ræða við Báru Kolbrúnu Gylfadóttur barnasálfræðing á Greiningarstöðinni. Vonir standa til að Bára geti komið og verið með erindi fyrir foreldra eftir áramótin.

Fundi slitið

Hafnarfirði 10.11.2016

Aðalheiður Gígja Isaksen ritari.